

Nd.

271. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Á eftir b-lið 10. gr. laganna komi:

Milli ára er þó ekki leyfilegt að færa tap, ef það, eða þær skuldir, sem mynduðust þess vegna, hefir verið eftir gefið fyrir ráðstafanir þess opinbera.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt eftir ósk fjármálaráðherra og samkvæmt tilmælum ríkisskattnefndar Íslands. Frv. er til frekari skýringar við framangreindan lið skattalaganna.

Það leiðir af sjálfu sér, að þegar gjaldendur fá eftir gefinn töluverðan hluta af skuldum sínum, eins og t. d. nú hefir átt sér stað við Skuldaskilasjóð vélbátæigenda, þá fellur um leið niður eða hverfur hluti af rekstrartöpum þeirra undanfarin ár. Þykir því óeðlilegt, að heimildin til þess að færa tap milli ára yfir tvenn áramót til frádráttar tekjum geti náð til taps eða tapsskulda, sem þannig hafa verið eftir gefnar. Mun það og eigi hafa verið tilætlun laganna, en þó þykir rétt, að um þetta atriði verði sett skýrt ákvæði.